

Sp. 415. Tillaga til þingsályktunar
um landhelgisgæzlu.

Frá fjárveitinganefnd.

Sameinað Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að leita fyrir sér innanlands og utan um, hvaða tilboð væri hægt að fá í:

- a. varðskipið Óðin,
- b. varðskipið Þór,

og leggja síðan árangurinn fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Á öndverðu þessu þingi var samþykkt þingsályktunartillaga, þar sem stjórninni var falið að fela forstöðumanni Skipaútgerðar ríkisins, Slysavarnafélags Íslands, Skipaskoðunar ríkisins og Fiskifélags Íslands að gera tillögur um framtíðarskipulag landhelgisgæzlunnar, með hliðsjón af því, að björgunarstarfsemin yrði að meira eða minna leyti sameinuð landhelgisgæzlunni. Tillögur þessarar nefndar liggja nú fyrir þinginu, og ganga þær í þá átt að færa landhelgisgæzluna í það horf, að hún verði framkvæmd af fleiri skipum og staðbundnari en hún nú er og að við gæzluna séu að miklu leyti notaðir vopnaðir hraðskreiðir vélbátar. Alþingi tekur nú að sjálfsögðu ákvörðun um tilhögun landhelgisgæzlunnar. Telur nefndin, að heppilegt sé, að fyrir liggi upplýsingar um það, áður en slík ákvörðun verður tekin, hvort hægt sé að selja þessi skip fyrir viðunandi verð. Af þessum ástæðum er tillagan fram borin, en um breytingar þær á landhelgisgæzlunni, sem getið er um hér að framan, hafa einstakir nefndarmenn enga ákvörðun tekið.